



Alþingi  
Erindi nr. P 125/1983  
komudagur 2.5.2000

Reykjavík, 27. apríl 2000

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Við er til bréfs Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 12. apríl sl. þar sem óskað var umsagnar Seðlabanka Íslands um tvö frumvörp, annars vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tryggingagjald og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum tekju- og eignarskatt. Hér með er veitt umsögn um þessi frumvörp með þeim fyrirvara að lítið tóm hefur gefist til þess að skoða þau af hálfu Seðlabankans.

Hið fyrra lýtur að því að auka hvata til þess að nýttar séu heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar sem veittar voru á árinu 1998 og gerir Seðlabankinn ekki athugasemdir við það. Meginatriði seinna frumvarpsins eru þrjú. Í fyrsta lagi að leysa úr þeirri skattaóvissu sem ríkt hefur varðandi hugsanleg friðindi starfsmanna fyrirtækja sem falist geta í kauprétti þeirra á hlutabréfum í þeim fyrirtækjum sem þeir starfa hjá, í öðru lagi breytingar á frádráttarbærni lífeyrisiðgjalda og í þriðja lagi breytingar á skattafrádrætti vegna erlendra hlutabréfakaupa. Við fyrsta og þriðja þátt þessara breytinga hefur Seðlabankinn ekki mikið að athuga. Seðlabankinn telur jákvætt að fyrirtæki geti umbunað starfsmönnum sínum með þeim hætti að veita þeim kauprétt í hlutabréfum fyrirtækisins og að slík umbun sé skattlögð með hliðstæðum hætti og aðrar fjármagnstekjur. Þá leiðir þriðja breytingin beint af athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA með tilvísun til ákvæða EES-samningsins.

Varðandi breytingu þá sem gerð er á frádráttarbærni lífeyrisiðgjalda bendir Seðlabankinn hins vegar á að þau mörk sem tilgreind eru í a. lið 4. gr. frumvarpsins eru nokkuð þröng miðað við það sem um hefur samist á undanförunum áratugum á vettvangi bankamanna. Þannig er nú heildariðgjald starfsmanna sem greiða til Lífeyrissjóðs bankamanna, en þar á meðal eru starfsmenn Seðlabankans, á bilinu 17% – 18,4% og þeir myndu því rekast á 20% hámarkið ef þeir kysu að nýta sér heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar. Þá gæti krónutölupakið, 1,5 m.kr., verið of lágt. Tillaga bankans er að þessar viðmiðanir verði rýmkaðar.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS